

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir sjálfseignarstofnunina Samfélagssjóð KKþ.

1. gr.

*Heiti stofnunarinnar.*

Stofnunin heitir Samfélagssjóður KKþ.

Stofnunin starfar samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

*Heimili og varnarþing.*

Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í sveitarfélagini Mosfellsbæ.

3. gr.

*Stofnandi.*

Stofnandi stofnunarinnar er Kaupfélag Kjalarnesþings svf., kt. 680169-6759.

4. gr.

*Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 50.000.000 í reiðufé, sem stofnandi hennar leggur til við stofnun hennar.

Við lok slitameðferðar Kaupfélags Kjalarnesþings svf. munu eftirstöðvar fjármuna félagsins jafnframt renna til stofnunarinnar.

Stofnfé verður ávaxtað samkvæmt ákvörðun stjórnar. Stjórn skal ávallt ávaxta fé stofnunarinnar með tryggstu fjárfestingaleiðum sem völ er á hverju sinni, s.s. á bankareikningum í traustum fjármálastofnunum eða með kaupum á ríkisskuldabréfum. Óheimilt er að fjárfesta fé stofnunarinnar í eiginfjárgerningum, s.s. hlutabréfum, og fjármálagerningum með breytanlega ávöxtun.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í stofnuninni.

5. gr.

*Markmið.*

Fjármunum stofnunarinnar skal varið til æskulýðs- og menningarstarfs, góðgerðar- og líknarmála og annarrar starfsemi til almenningsheilla sem starfrækt er á fyrrum félagssvæði Kaupfélags Kjalarnesþings, þ.e. í Mosfellsbæ, Kjalarnes- og Kjósarhreppi.

Stjórn skal ákveða fyrirkomulag ráðstöfunar og auglýsa eftir umsóknum um úthlutun úr sjóði stofnunarinnar.

6. gr.

*Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 2ja ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnr tveir menn í varastjórn til sama tíma. Fyrsta stjórn stofnunarinnar skal kjörin á félagsfundí í Kaupfélagi Kjalarnesþings, þar sem rétt til fundarsetu hafa allir félagsmenn, um leið og félagsfundur samþykkir skipulagsskrá þessa. Eftirleiðis skal fráfarandi stjórn kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmaðir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

Stjórnin skal vinna að markmiðum stofnunarinnar sem fram koma í 5. gr. og skal gæta þess eftir fremsta megni að kostnaður af starfseminni sé hóflegur. Óheimilt er að binda eignir stofnunarinnar skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórnarfundir skulu skráðir í gerðabók. Stjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Reglur stjórnsýsluréttar um sérstakt hæfi skulu gilda um stjórnarmenn við afgreiðslu mála.

#### 7. gr.

##### *Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða framkvæmdastjóra og ákveður þá starfskjör hans, ef hún telur það nauðsynlegt. Að öðrum kosti skal stjórnarmaður fara með prókúru fyrir stofnunina. Stjórnin getur veitt öðrum prókúru fyrir stofnunina eða ákveðið að fela þriðja aðila umsýslu eigna hennar eða framkvæmd einstakra verkefna. Allar meiriháttar ákvárdanir skal þó ávallt bera undir stjórn, enda ber hún ábyrgð á rekstri stofnunarinnar.

Ef ráðinn er framkvæmdastjóri hefur hann rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

#### 8. gr.

##### *Reikningsárið og endurskoðendur.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

Stjórn skal sjá til þess að bókhald stofnunarinnar verði fært og ber ábyrgð á að senda yfirvöldum ársreikning stofnunarinnar ásamt skýrslu um ráðstöfun fjármuna stofnunarinnar á því ári, sbr. fyrirmæli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

#### 9. gr.

##### *Breyting skipulagsskrár, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo boríð skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 5. gr. hér að framan.

#### 10. gr.

##### *Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 12. janúar 2018,*

**Björn Ingi Óskarsson.**

---

*Auður Steingrímsdóttir.*